

6. gr.

Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum alt að 10,000 krónum og fer um mál útaf þeim sem um almenn lögreglumál.

97
3. okt.

7. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 3. október 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

Erindisbrjef

98
3. okt.

fyrir kjötsölunefndina.

1. gr.

Kjötsölunefndin skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Að henni eiga aðgang allir þeir, sem nefndin hefir samband og viðskifti við samkvæmt stöðu sinni.

2. gr.

Verkefni kjötsölunefndarinnar er að annast um alla kjötsölu landsins til útlanda, svo og innanlandssölu eftir því sem erindisbrjef þetta mælir fyrir, gjöra sölutilboð og sölusamninga, annast innheimtu kjötandvirðisins og sjá um greiðslur til seljendanna. Skal hún kosta kapps um að ná sem hagfeldustum sölusamningum og greiða fyrir því eftir megni að seljendur fái andvirði kjötsins sem fyrst greitt, og á þann hátt sem þeim best hentar.

98

3. okt.

3. gr.

Kjötsölunefndin semur við kaupendur um útflutningsstaði og gjörir fyrirskipanir um þá kjötflutninga með ströndum fram, sem nauðsynlegir eru. Skal hún haga þeim flutningum þannig, að seljendum verði sem kosnaðarminst.

4. gr.

Kjötsölunefndin skal, svo fljótt sem auðið er, semja um sölu á kjöti því, sem heimild er fengin fyrir að flytja til Noregs. Jafnframt skal hún safna kjötframboðum innanlands og veita móttöku kjötpöntunum bæja- og sveitafjelaga. Kjötframboð og kjötpantanir skulu vera komin til nefndarinnar fyrir októbermánaðarlok, og má hún ekki taka til greina það, er henni síðar kann að verða tilkynt um það efni.

5. gr.

Eftir að salan til útlanda hefir farið fram, og nefndinni er orðið kunnugt, hve mikið kjöt bæja- og sveitastjórnir vilja kaupa, skal hún selja Bretum eftirstöðvar þess, sem henni hefir verið falið að koma í verð. Þó er henni heimilt að fresta þeirri sölu, ef líkur eru fyrir að leyfi fáist til frekari útflutnings til Norðurlanda.

6. gr.

Þegar sölunni er lokið skal nefndin gjöra jafnaðarverðreikning yfir allt kjötið, þó með hæfilegum verðmun eftir flokkum og gæðum vörunnar. Skal svo fljótt sem unt er senda hverjum seljanda sölureikning og greiða upphæð hans.

7. gr.

Heimilt er kjötsölunefndinni að taka sjer aðstoð þá, sem nauðsynleg er við starf hennar. Laun nefndarinnar og aðstoðarmanna hennar, svo og annar útborgaður kostnaður, dregst frá heildarandvirði kjötsins, áður en verðskiftingin er gjörð.

8. gr.

Verði ágreiningur milli nefndarmanna í starfi þeirra, ber þeim að snúa sjer til stjórnarráðsins, er þá úrskurðar um ágreiningsatriðin.

Í stjórnarráði Íslands 3. október 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.